

## 23. fundur Landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps

23. fundur landbúnaðarnefndar var haldinn 27. apríl 2022 í Bala kl 20:30. Á fundinn mættu Björgvin Ólafsson, Jóhanna Bríet Helgadóttir, Benedikt Kristinn Ólafsson og Jón Bjarnason fjallkóngur.

Dagskrá fundarins:

1. Fjallferð: Vegna fækkunar sauðfjárbúa í Hrunamannahreppi verður sífellt erfiðara og kostnaðarmeira fyrir sauðfjárbændur sem nýta afréttinn að manna fjallferðir.
  - a. Það er möguleiki á að stytta fjallferð eða að fækka leitum.
  - b. Kanna möguleika á að fara í samstarf við landgræðsluna á næstu árum um að minnka afréttinn.

Ákveðið að taka samtalið við sauðfjárbændur á aðalfundi sauðfjárræktarfélagsins í næstu viku.

2. Heiðarsmölun: Það hefur reynst nokkuð erfitt að manna heiðarsmalamennskur síðustu ár. Það væri hægt að skoða það að taka heiðarsmalamennskur samhliða fimmtudagsrekstrinum í réttarvikunni.

Fundi slitið kl 21:23